



Deildir

Fréttir & Greinar

Fræðsla & Forvarnir

Félagið

Miðlar & Myndefni

Ábending um heiðursmerki

Þór TV



HANDBOLTI / FRÉTTIR / TAP GEGN ÍSLANDSMEISTURUNUM

Tap gegn Íslandsmeisturunum

21.01.2023

KA/Þór þurfti að sætta sig við sex marka tap gegn Fram á útivelli í 13. umferð Olís-deildarinnar í handbolta.

KA/Þór skoraði fyrsta mark leiksins, en gestgjafarnir svöruðu með sex mörkum. Segja má að þetta bil hafi KA/Þór aldrei náð að brúa. Munurinn það sem eftir var fyrri hálfleiksins var 5-8 mörk, staðan 18-11 Fram í vil í leikhléi. KA/Þór náði nokkrum sinnum að minnka muninn niður í fjögur mörk í seinni hálfleiknum, en komust ekki nær Íslandsmeisturunum.

Niðurstaðan varð sex marka tap, lokatölur 30-24.

Deildin verður því áfram nokkuð tvískipt, en með sigri hefði KA/Þór náð að nálgast Fram í 4. sætinu. Valur, ÍBV, Stjarnan og Fram eru í efri hlutanum. Fram í 4. sætinu með 17 stig, en KA/Þór í því fimmta með tíu stig. KA/Þór er þó ekki í neinni fallhættu því með þremur sigrum í röð á undan leiknum í dag náðu stelpurnar að slíta sig aðeins frá neðstu liðunum. Liðin þrjú í sætunum fyrir neðan KA/Þór töpuðu öll sínum leikjum í dag gegn liðum í efri hlutanum.

Næsti leikur hjá KA/Þór er heimaleikur gegn Val laugardaginn 28. janúar kl. 15.

Mörk og varin skot

KA/Þór

Mörk: Rut Jónsdóttir 7, Júlía Björnsdóttir 4, Nathalia Soares 4, Unnur Ómarsdóttir 3, Lydía Gunnþórsdóttir 3, Hildur Lilja Jónsdóttir 2, Ida Rasmussen 1.

Varin skot: Matea Lonac 12 (29,3%)

Fram

Mörk: Steinunn Björnsdóttir 6, Krístrún Steinþórsdóttir 5, Perla Ruth Albertsdóttir 5, Tinna Valgerður Gísladóttir 4, Sara Kristín Gunnarsdóttir 4, Hekla Rún Ámundadóttir 3, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Erna Guðlaug Gunnarsdóttir 1.

Varin skot: Hafdís Renötudóttir 20 (45,5%).

Tölfræði leiksins á hbstatz.is.

Staðan í deildinni

Olís deild kvenna

Sæti	Félag	Leikir	S	J	T	Skoruð	Fengin	Netto	Stig
1	Valur	12	9	2	1	346	283	63	20
2	ÍBV	12	10	0	2	333	297	36	20
3	Stjarnan	12	8	1	3	332	277	55	17
4	Fram	12	7	1	4	327	268	59	15
5	KA/Þór	12	5	0	7	295	314	-19	10
6	Haukar	12	4	0	8	328	349	-21	8
7	Selfoss	12	2	0	10	318	373	-55	4
8	HK	12	1	0	11	259	377	-118	2

FRÉTTASAFN

2023

janúar febrúar

2022

ágúst september október

nóvember desember

Til baka

